

Tillögur Eypings að áhersluverkefnum 2019

Dags: 20. maí 2019

Verkefni 3	LÝSA- rokkhátíð samtalsins
Markmið (SMART)	<i>Að skapa sterkan vettvang fyrir Þjóðfélagsumræðu 6. og 7. september 2019 á Akureyri, þar sem yfir 50 félagasamtök, fræðasamfélagið (háskóli), stofnanir og fyrirtæki sem starfa á landsvísu taka þátt ásamt þingmönnum, fulltrúum sveitarfélaga og ráðherra. Gestir hátíðarinnar verði 3.000.</i>
Stutt verkefnalýsing	LÝSA – rokkhátíð samtalsins er lýðræðishátíð að Norrænni fyrirmynd. Yfir hátíðardagana eiga sér stað uppákomur af ýmsu tagi; fyrirlestrar, málþing, smíðjur, gjörningar, uppistand, tónlist, dans og leikur. Fyrirtæki, stofnanir, háskólar og félagasamtök standa fyrir viðburðum og bjóða til opins samtals um samfélagið. Hátíðin sjálf skipuleggur menningardagskrá sem uppbrot milli viðburða. Öllum, sem eiga erindi við almenning er velkomið að taka þátt og varpa ljósi á sín málefni.
Framkvæmdaaðili	Menningarfélag Akureyrar
Samstarfsaðilar	Almannaheill og Akureyrarbær
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	<p>Verkefnið hefur beina tengingu við framtíðarsýn Sóknaráætlunar 2015-2019. Þar sem segir að „Norðurland eystra byggir á sterkum grunnstoðum og einkennist af fjölbreytni en um leið skarpri sýn á heildarhagsmuni landshlutans“ . Auk þess er verkefnið leiðandi á sviði menningar, í víðum skilningi þess orðs, og vekur athygli á Akureyri og svæðinu í kring sem miðpunkt þjóðfélagsumræðu og myndar hátíðin þannig mótvægi við höfuðborgarsvæðið sem lifir langt umfram þá tvo daga sem hátíðin varir.</p> <p>Tengslin má einnig sjá í 2. útgáfu Sóknaráætlunar í kafla 3.2 um styrka stöðu Akureyrar á landsvísu með öflugra þekkingarstarfsemi, sem og í kafla 3.3 um ferðaþjónustu því hátíðin höfðar til fræðasamfélagsins, félagsamtaka, stofnanna og fyrirtækja sem starfa á landsvísu og dregur hún til sín embættisfólk og almenna gesti víðsvegar að af landinu. Hátíðin kynnir einnig Akureyri sem fyrirmyndar vettvang fyrir fundi, stórar ráðstefnur og öflugar umræður.</p> <p>Hátíðin er mótvægi við miðstýringu ríkisvaldsins þegar kemur að ákvarðanatöku sbr. Bls. 8 í 2. útgáfu áætlunarinnar.</p> <p>Hátíðin er stofnaðili samtaka um lýðræðishátíðir „We do Democracy“ sem er samstarfsfélag lýðræðishátíða á Norðurlöndum og styður þannig markmið 9.1.3 í Aðgerðaráætlun Sóknaráætlunarinnar í 2. útgáfu. Hátíðin sjálf skipuleggur menningardagskrá á hátíðinni sbr. markmið 9.2.4 2. útgáfu.</p>
Árangursmælikvarði/ar	<ul style="list-style-type: none"> • Fjöldi gesta sem sækja hátíðina • Fjöldi viðburðahaldara (skipuleggjenda og uppákoma) • Fjöldi viðburða • Fjöldi ráðherra • Fjöldi þingmanna • Fjöldi sveitastjórnarfólks

Lokafurð	Nafn Akureyrar og Norðurlands tengt veigamiklum ákvörðunum og skoðanaskiptum um þróun íslensks samfélags.
Tímarammi	Apríl – september 2019
Heildarkostnaður	10.000.000
Framlag úr sóknaráætlun 2019	1.000.000

S	Skýr	mikilvæg, læsileg og skiljanleg.
M	Mælanleg	þú verður að vita hvenær þú hefur náð þeim.
A	Aðlagandi	þú verður að geta náð þeim.
R	Raunhæf	það má ekki taka of langan tíma að ná þeim.
T	Tímasett	settu lokatíma á markmiðin.